



Fundargerð Kynningarfundar

Heiti og númer verkefnis:	Kynningarfundur um skipulag í Elliðaárvogi og Ártúnshöfða um rammaskipulag og uppbyggingu svæðisins
Dags. tími	Fundur haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur 22.2.2017 kl 17-19
Fundarritar:	Lilja Grétarsdóttir
Fundarstjóri:	Oddrún Helga Oddsdóttir

Nr.	Dagskrárliður	
	<p>Dagskráin var eftirfarandi:</p> <p>Ávarp – Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri.</p> <p>Tillaga að rammaskipulagi fyrir Elliðaárvog /Ártúnshöfða – Björn Guðbrandsson, Arkís f.h. ráðgjafateymis.</p> <p>Grensásvegur – Gullinbrú, valkostir í samgöngum og skipulagi – Sigríður Magnúsdóttir, Teiknistofan Tröð.</p> <p>Uppbygging í Elliðaárvogi /Ártúnshöfða – Hrólfur Jónsson, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar.</p> <p>Umræður og fyrirspurnir – módel til sýnis.</p>	
	Fundinn sátu ca 170 mans.	
	Dagur fór yfir forsögu verkefnisins, framtíðarsýn þess og áfangauppbyggingu, Björn Guðbrandsson fór yfir tillögu að rammaskipulagi, Sigríður fór yfir valkosti sem skoðaðir hafa verið varðandi samgöngur m.a. borgarlínuna. Hrólfur Jónsson fór yfir hugmyndir og stofnun þróunarfélags og framvindu þess m.a. hefur verið fundað með mörgum fasteignaeygendum og horft til mögulegrar framkvæmdar um samstarfs uppbyggingar á svæðinu.	
	Að kynningum loknum var opnað fyrir fyrirspurnir	
1	Jón Karl Snorrason íbúi í Hamrarhverfi hefur: Horft til svæðisins lengi og saknað þess að hafa ekki miðsvæði. Sér fyrir sér að það geti komið þarna í tengslum við Elliðaárósanna. Hann saknar þessa nokkuð í tillögunni. Reiknað er með að samhliða nýrri uppbyggingu og þéttingu verði möguleiki á þessu.	
2	Ónundur íbúi í Bryggjuhverfi: Gerir athugasemd við að verið sé að reikna með ljósastýrðum gatnamótum í Vogabyggð, er ekki hægt að komast hjá því? Mörg ljósastýrð gatnamót eru á Sæbraut og æskilegt er talið að hafa ljósastýrð gatnamót sitthvorumegin við stökkinn. Bent er á að markmiðið er að gera almenningsamgöngur greiðari.	



3	<p>Ómar Ragnarsson: Flott hugsun en hvert fer athafnastarfsemin sem er þarna núna? Áfram er gert ráð fyrir athafnasvæði uppi á höfðanum en stærri grófgerðari iðnaður þarf að víkja með tímanum. Reiknað er með að steypustöðvarnar geti veri áfram til að byrja með en að Malbikunarstöðin flytji.</p>	
4	<p>Þorsteinn Þorgeirsson íbúi í bryggjuhverfi og fulltrúi í Bryggjuráði: Búist er við þjónustu en eins og reyndin er virðist hafa gleymst að gera ráð fyrir bílastæðum í núverandi Bryggjuhverfi, vonandi verður betra fyrirkomulag í nýjahlutanum og passað upp á að flæði umferðar verði gott inn og út af svæðinu. Gert er ráð fyrir að skilgreina bílastæði nánar í deiliskipulagi og reiknað er með plássi í það.</p>	
5	<p>Guðmundur Geirsson: Hefur áhyggjur af því að nýja fyllingin sem kemur út í Voginn loki innsiglingunni, er innsiglingin tryggð? Hvaða áhrif hefur fyllingin á ósanna? Björgun á að hreinsa upp eftir sig og sett m.m. verður hreinsað, innsiglingin á að vera tryggð. Umhverfismatið fyrir fyllinguna hefur verið í ferli í 2 ár og er það nú á lokastigi. Þar er mörgu velt upp skoðað, svarað og sett í nánari skoðun. Samstarf verður í framhaldinu við hinar ýmsu stofnanir um ákveðna þætti.</p>	
6	<p>Bryndís íbúi í Grafarvogi: Þung umferð er frá Grafarvogi, þessi uppbygging mun auka á það. Er reiknað með auknum umferðar rýmum þessu tengt? Umferðarrým á Sæbraut mun aukast.</p>	
7	<p>Atli Þorvaldsson íbúi í Ártúnsholti: Hefur áhyggjur af Háubökkum og hvort enn sé mengun á Geirsefi. Er reiknað með nýjum framhaldsskóla á svæðinu? Umrætt svæði er á náttúrumynjaskrá, gengið verður frá því m.v. það. Ekki er vitað um mengun á Geirsnefi, en þar sem óvissa er um það er heldur ekki reiknað með miklum framkvæmdum þar. Ríkið telur að með tilkomu 3 ára náms til stúdentsprófs þurfi að fækka framhaldsskólum frekar en að fjölga þeim.</p>	
8	<p>Þór Oddgeirsson íbúi í Bryggjuhverfi: Aðal aðráttarafi Bryggjuhverfisins er höfnin, hver er framtíð hennar? Hver er stefnan í umferðarmálum hverfisins, það er m.a. mikið búið að loka götum, eru á dagskrá að endurskoða þau? Talið er að fyllingin muni bæta höfnina, einnig þarf að dýpka hana. Mögulega hefur dregið úr eftirspurn á notkun hafnarinnar, en vissulega þyrfti að bæta aðstöðuna við hana. Hluti af vandamálinu varðandi umferðarkerfið er að upphaflega voru göturnar ekki alfarið í eigu borgarinnar. Stefnt er að því að fara yfir/endurskoða gatnakerfið tengt deiliskipulagsvinnu.</p>	

Fundarritari: Lilja Grétarsdóttir arkitekt og verkefnisstjóri hjá skipulagsfulltrúa